

Vefverslun Símans - Skilmálar

1 Almenn

- 1.1. Skilmálar þessir gilda um kaup á vöru og/eða þjónustu í gegnum vefverslun Símans hf., kt. 460207-0880 (hér eftir „seljandi“), sem aðgengileg er á vefsíðunni www.siminn.is.
- 1.2. Til viðbótar skilmálum þessum gilda jafnframt ábyrgðarskilmálar Símans vegna vörukaupa og/eða sértækir skilmálar um tilteknar þjónustur seljanda. Þar sem ákvæðum skilmála þessara sleppir gilda einnig *Almennir viðskiptaskilmálar* Símans, eftir því sem við á hverju sinni. Skilmála Símans má nálgast á www.siminn.is/skilmalar.

2 Vörur, þjónustur og verð

- 2.1. Pöntun á vöru og/eða þjónustu í vefverslun er staðfest þegar kaupandi hefur fengið tölvupóst þess efnis. Ef vara er af einhverjum ástæðum ekki til, eða ekki er hægt að veita þjónustu, er kaupanda tilkynnt um það með tölvupósti og varan og/eða þjónustan endurgreidd, hafi greiðsla átt sér stað.
- 2.2. Upplýsingar um eiginleika þeirrar vöru og/eða þjónustu sem keypt er í gegnum vefverslun má nálgast á vefsíðu Símans.
- 2.3. Heildarverð vöru og/eða þjónustu kemur fram í pöntun og eru öll verð tilgreind í íslenskum krónum, með virðisaukaskatti. Sendingarkostnaður getur bæst við, þar sem við á, en slíkar upplýsingar koma jafnframt fram í pöntun, áður en greiðsla er framkvæmd.
- 2.4. Ef augljós villa á verðupplýsingum á sér stað í vefverslun áskilur seljandi sér rétt til að falla frá sölu. Í slíkum tilvikum er kaupandi upplýstur um mistökin og endurgreiðsla framkvæmd, hafi hún átt sér stað.
- 2.5. Verð í vefverslun geta verið önnur en í verslunum seljanda. Þannig geta t.a.m. verið fánleg tilboð í vefverslun sem ekki eru fánleg í verslunum seljanda.

3. Greiðsla

- 3.1. Greiðslur fyrir vörur og/eða þjónustur í vefverslun skulu fara fram með notkun greiðslukorti í gegnum örugga vefsíðu greiðslukortafyrirtækis sem sér um færsluhirðingu fyrir hönd seljanda. Seljandi varðveitir í engum tilvikum upplýsingar um greiðslukort kaupanda. Skilmálar

greiðslukortafyrirtækisins gilda um greiðsluna. Ekki er unnt að greiða með inneignarnótu í vefverslun Símans.

- 3.2. Í tengslum við pöntun á áskriftarþjónustu gefur seljandi almennt út mánaðarlega reikninga til handa kaupanda, nema kaupandi hafi sérstaklega valið í kaupferli í vefverslun að greiða með öðrum hætti sem honum stendur til boða, t.d. með boðgreiðslum.

4. Virkjun þjónustu

- 4.1. Við kaup á þjónustu í gegnum vefverslun er leitast við að virkja þjónustu hjá kaupanda við fyrsta tækifæri, að því gefnu að kaupandi sé með eða hafi mótttekið viðeigandi og nauðsynlegan búnað til að nota þjónustuna, svo sem farsíma, SIM-kort, myndlykil eða netbeini. Seljandi skal upplýsa um áætlaða tímalengd fram að virkjun þjónustu hjá kaupanda eftir því sem unnt er. Sé virkjun þjónustunnar háð afhendingu búnaðar frá Símanum til kaupanda skal kaupandi upplýstur um afhendingarmöguleika þess búnaðar og áætlaðan afhendingartíma. Að öðru leyti vísast til skilmála viðeigandi þjónustu, sbr. gr. 1.2.

5. Afhending vöru

- 5.1. Kaupandi getur valið hvar vara skuli afhent og gerir það áður en gengið er frá greiðslu í vefverslun. Kaupandi getur valið um að sækja vöru í verslanir Símans eða heimsendingu. Vörur eru eingöngu sendar innanlands.
- 5.2. Ef valið er að sækja vöru í verslun seljanda fær kaupandi upplýsingar um afhendingartíma í tölvupósti. Ekkert gjald er tekið fyrir slíka afhendingu. Seljandi ber ekki ábyrgð á seinkun á afgreiðslu og/eða afhendingu í verslun vegna atburða sem seljandi getur ekki haft áhrif á.
- 5.3. Kostnaður við heimsendingu kemur fram í pöntun áður en greiðsla er framkvæmd. Velji kaupandi að fá vöru senda, gilda ábyrgðar- og flutningsskilmálar viðkomandi flutningsaðila.

6. Skila- og skiptiréttur

- 6.1. Kaupandi hefur 14 daga frá afhendingu til að hætta við kaup á vöru sem keypt er í vefverslun, gegn framvísun sölunótu og að því gefnu að vara sé ónotuð, í órofnun, upprunalegum umbúðum og með öllum fylgihlutum. Kaupandi getur valið um að skipta í aðra vöru eða fá vöru endurgreidda. Flutnings- og póstburðargjöld

eru þó í engum tilvikum endurgreidd, hafi kaupandi valið heimsendingu. Kostnaður við skil, þ. á m. sendingarkostnaður greiðist jafnframt af kaupanda.

- 6.2. Kjósi kaupandi að fá vöru endurgreidda, sbr. grein 6.1, getur hann tilkynnt seljanda um það með því að senda á tölvupóst á siminn@siminn.is eða fylla út eyðublað sem nálgast má hér. Tilkynning þarf að berast seljanda innan 14 daga frá því tímamarki er kaupandi fékk vöruna afhenta.
- 6.3. Kaupandi skal hafa 14 daga frá kaupum, sbr. gr. 2.1, til að hætta við kaup á þjónustu sem keypt er í vefverslun, að því gefnu að kaupandi hafi ekki þegar hafið notkun á þjónustunni.

7. Ábyrgð og galli

- 7.1. Um réttindi kaupanda hvað varðar gallaðar vörur og ábyrgð seljanda, vísast til *Ábyrgðarskilmála Símans vegna vörukaupa*, sem nálgast má á www.siminn.is/skilmalar.

- 7.2. Um ábyrgðir og annað sem varðar þjónustur Símans gilda sértækir skilmálar um viðkomandi þjónustu sem nálgast má á www.siminn.is/skilmalar.

8. Annað

- 8.1. Um skilmála þessa gilda íslensk lög og skal ágreiningur vegna þeirra rekinn fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- 8.2. Um meðferð seljanda á persónuupplýsingum kaupanda í tengslum við nýskráningu í vefverslun Símans og kaup á vöru og/eða þjónustu í gegnum vefverslun fer eftir því sem segir í *Persónuverndarstefnu Símans*, sem nálgast má á www.siminn.is/skilmalar.
- 8.3. Hægt er að hafa samband við seljanda í gegnum netfangið siminn@siminn.is, í gegnum [Netspjall á www.siminn.is](http://www.siminn.is) eða í síma 550-6000. Heimilisfang seljanda er að Ármúla 25, 108 Reykjavík.